

**Mál nr. 218/2021**

**M og  
V v/ persónutryggingarinnar „Wealth insuring“.**

**Ágreiningur um gildissvið vátryggingar og rétt til greiðslna.****Gögn.**

Málskot móttakið 3. mars 2021, ásamt fylgiskjölum.  
Bréf lögmanns V, dags. 3. ágúst 2021, ásamt vátryggingarskilmálum.  
Athugasemdir lögmanns M með tölvupósti dags. 10. ágúst 2021.

**Málsatvik.**

Hinn 17. mars 2020 rann M í hálfu og missteig sig með þeim afleiðingum að hann hlaut áverka á vinstri ökkla. M var óvinnufær í sex mánuði og hefur eftir það haft eymsli í ökkla og býr við hreyfihömlun skv. matsgerð sem M hefur aflað sér dags 21. apríl 2021. Þar kemur fram að varanleg læknisfræðileg örorka M sé metin til 10 miskastiga skv. miskatöflum örorkunefndar. Í gögnum málsins kemur einnig fram að M hafi fengið greiddar bætur úr vátryggingu sinni hjá V vegna óvinnufærni samtals 7.700 evrur.

M krefst þess að viðurkennd verði bótaskylda V úr vátryggingu hans og telur að greiða eigi honum bætur vegna varanlegra afleiðinga slyssins. M vísar til aa-liðar 24. gr. vátryggingarskilmála og telur að skv. því ákvæði sé V skylt að greiða M bætur ef hægt sé að meta stig varanlegrar örorku frá læknisfræðilegu sjónarmiði og vísar M til matsgerðar dags. 21. apríl 2021 þar sem slík örorka hafi verið metin 10 stig. Sú matsgerð liggja fyrir hjá V og hafi V einnig verið sent afrit matsbeiðni áður en matið var framkvæmt.

V hefur hafnað frekari greiðsluskyldu og telur bætur að fullu greiddar með greiðslu 7.700 evra skv. gr. 24.1 b) í vátryggingarskilmálum vátryggingar M þar sem fjallað sé um bætur fyrir „daily allowance“ í samræmi við bótaöflu sem sé hluti sömu skilmála, nánar tiltekið gr. 171 í þeirri töflu. Þar komi fram að staðlaðar bætur miðað við þann áverka sem M hlaut miðist við 110 daga og hver dagur bætist með sem nemi 1% af vátryggingarfjárhæð sem hafi verið 70.000 evrur hjá M. Bætur til M voru greiddar í samræmi við þetta, eða samtals 7.700 evrur. Hvað varðar frekari greiðslur vísar V til gr. 24.1 f) þar sem komi fram að bætur sem greiddar hafi verið vegna eins bótaþáttar í vátryggingu M dragist frá þeim bótum sem hann gæti átt rétt á fyrir annan bótaþátt. V telur að hámark þeirrar greiðslu sem M gæti átt rétt á vegna varanlegra afleiðinga sé 5.950 evrur og þar sem sú fjárhæð sé lægri en það sem M hefur þegar fengið greitt komi ekki til frekari greiðslna frá V.

**Álit.**

Í gögnum málsins er gerð grein fyrir vátryggingarsamningi þeim sem M gerði við V, sem er erlent vátryggingafélag sem býður upp á þjónustu hér á landi. Í umræddum vátryggingarskilmálum er samið sérstaklega um gildissvið vátryggingarinnar og bótafjárhæðir. Af lögum um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 verður ekki annað ráðið en að sammingsfrelsi ríki um gildissvið vátryggingarsamninga hvað varðar við hvaða aðstæður bætur verði greiddar og hvort bætur skv. tilteknum bótaþætti í samningnum geti komi til frádráttar öðrum. Í þessu máli liggur fyrir að í vátryggingarskilmálum V er kveðið á um í gr. 24.1.f) að bætur sem vátryggður kann að eiga rétt á í skilningi gr. 24.2 aa) dragist frá öðrum bótum sem hann hefur fengið og telst það því vera hluti af gildissviði þess vátryggingarsamnings sem gildi milli V og M þegar hann slasaðist. Óumdeilt er að M hafi fengið greiddar 7.700 evrur úr vátryggingu V og ekki liggur fyrir að réttur hans til bóta vegna varanlegra afleiðinga hefði farið yfir þá fjárhæð. Hefur M því ekki sýnt fram á. m.v. þau gögn sem liggja fyrir í málinu, að hann eigi frekari bótarétt úr vátryggingu sinni hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki frekari rétt til bóta hjá V.

Reykjavík, 8. september 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.  
lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir